

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stolt Sea Farm Iceland hf. Reykjanesi



Dags eftirlits	29.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Stolt Sea Farm Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Vitabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6109110480	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	James Hall	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	N63 49,54 V22 42,56

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik eru skráð í eftirlitinu er snúa að losun fosfórs umfram mörk starfsleyfis og skilum ársyfirlits. Fráviki vegna skila ársyfirlits er lokað þar sem gögnum hefur verið skilað en fallist er á úrbótaáætlun rekstraraðili varðandi losun fosfórs.

Ein ábending kom fram við eftirlitið, er varðar að uppfæra þarf úrbótaáætlun v. eldra fráviks styrju. Frávikið er er enn opið og verður því ekki lokað fyrr en staðfest hefur verið að styrjan hafi verið flutt úr stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - o Breyting á starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang
- Skráningar og gagnaskil
- Frárennsli, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
 - o Dauðfiskur
 - o Annar úrgangur
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Umgengni á lóðum og aðkoma.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Starfsleyfi rekstraraðila hefur verið breytt síðan seinasta eftirlit fór fram og tók breytt leyfi gildi 24. júní sl. Heimild til eldis tegundarinnar gullinrafa var þá bætt í leyfið, til viðbótar við senegalflúru. Gullinrafi er hitabeltisfiskur sem er alinn við hærra hitastig en senegalflúra. Rekstraraðili nýtir því vel kælivatn frá túrbínnum HS Orku, þar sem minni orku þarf til að kæla það og dæling viðbótarvatns er einnig minni við eldi gullinrafans en við eldi senegalflúru og því var tegundinni bætt við.

Samið hefur verið við þriðja aðila um að kaupa allar styrjur sem aldar hafa verið hjá Stolt Sea Farm án heimildar í starfsleyfi. Fráviki þess efnis frá 2019 verður þó ekki lokað fyrr en styrjurnar hafa verið fjarlægðar af athafnasvæði rekstraraðila og vekur stofnunin einnig athygli á því að ekki hefur enn verið sótt um starfsleyfi til eldis þeirra af hálfu kaupanda. Skv. upplýsingum í eftirliti stóð til að fjarlægja styrjuna fyrir desember 2021, en hún er enn í stöðinni. Stofnunin óskaði eftir því að uppfærð tímasett úrbótaáætlun þar sem fjallað er um hvenær stöðin hefur verið tæmd af styrju, yrði send stofnuninni. Áætlunin barst þann 10. desember sl.

Farið var yfir áhættumat ársins 2020 og breytingar á flokkum vegna ársins 2021 kynntar.

Rekstraraðili starfar innan umfangs starfsleyfis vegna eldis senegalflúru, en Stolt Sea Farm er heimilt að ala allt að 2000 tonnum á ári af senegalflúru og gullinrafa. Rúm 230 tonn voru í stöðinni þegar eftirlitið fór fram. Rekstraraðili hefur starfað langt innan leyfilegra marka í eldi senegalflúru og fyrstu gullinrafaseiðin voru flutt til landsins eftir að breytt starfsleyfi tók gildi í júní sl.

Skráningar rekstraraðila eru fullnægjandi og í samræmi við starfsleyfi. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað fyrir 1. maí sl. Skilin voru ekki fullnægjandi sem skil ársyfirlits og því er skráð frávik þess efnis, en því lokað þar sem gögnin bárust eftir að vettvangsheimsóknin fór fram.

Engin hreinsun, umfram ristar sem eru ætlaðar til varnar slysasleppingum, er á frárennsli rekstraraðila. Vegna covid fækkaði rekstraraðili talsvert fiski í stöðinni og fóðurstuðull varð því mjög hár og var losun fosfórs í frárennsli því umfram mörk eða tæp 24 kg/framleitt tonn, en heimild starfsleyfis er 20 kg/tonn. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 1. október sl. hefur fóðurstuðull lækkað og stefnir rekstraraðili á enn frekari lækkun á næstunni og þar með losun innan marka starfsleyfis. Fallist er á áætlaðar úrbætur vegna fráviksins. Mæliniðurstöður úr frárennsli frá desember 2020 bárust ekki með ársyfirliti en bárust í kjölfar eftirlits.

Dauðfiskur fór allur í urðun en fer nú til Skinnfisks. Pokar undan fóðri fara í endurvinnslu og almenn móttaka úrgangs er á höndum HP gáma.

Geymsla efna er fullnægjandi, lekabyttur og efnageymslur. Varúðarmerkingar eru til staðar ásamt öryggisblöðum.

Verið er að útbúa ker úti til eldis gullinrafa en almennt var aðkoma og umgengni góð.

Leiðbeiningar um meðhöndlun fastefnis eiga ekki við þar sem fastefni er ekki hreinsað úr frárennsli eldisins.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 2.3 í starfsleyfi	Losun fosfórs í frárennsli skal vera undir 20 kg/tonn af framleiddum fiski. Fóðurstuðull ársins 2020 var hár og losunin því tæp 24 kg/tonn.
gr. 3.4 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal skila ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert en í því skulu koma fra niðurstöður mælinga og skráninga undangengins árs. Niðurstöður efnamælinga 2020 fylgdu ekki ársyfirliti og upplýsingar um fóðurnýtingu, afföll voru ekki til staðar. Niðurstöður og skráningar bárust í kjölfar eftirlits og er frávikinu því lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að senda uppfærða tímasetta úrbótaáætlun v. eldra fráviks um eldi styrju. Uppfærð tímasett áætlun barst þann 10. des sl.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.12.2021

Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

